

Gátlisti og upplýsingar fyrir meðferðarstöðina Vík

Vertu hjartanlega velkomin(n) til okkar á meðferðarstöðina Vík á Kjalarnesi.

Almennar upplýsingar um Vík

- Karla- og kvennameðferðirnar á Vík eru að mestu leyti aðskildar utan fyrirlestra og spilakvöld.
 - Á daginn er dagskrá sem felur í sér fræðslu, stuðningshópa og verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir því að einstaklingar sem koma á Vík hafi fulla getu og færni til þess að mæta og taka þátt í dagskránni.
 - Heimsóknir fyrir ættingja og vini eru á sunnudögum. Aðstandendum er einungis heimilt að koma með þínu boði og samþykki. Heimsóknir fara fram í setustofu, matsal og utandyra en ekki í herbergjum. Gæludýr eru leyfð utandyra.
 - Það er símatími tvisvar á dag, á milli þess er síminn og önnur raftæki geymd í verðmætageymslu inni á vakt. Hægt er að geyma lesbretti inni í herberginu sínu. Kortasími er líka á staðnum.
 - Það er lítil sjoppa á Vík þar sem hægt er að kaupa helstu hreinlætisvörur, gos, sælgæti, símakort og einhver ritföng. Sjoppan tekur ekki við peningagreiðslum en tekið er við debet- og kreditkortum.
 - Tóbak og rafrettur eru einungis leyfðar utandyra.
 - Það er lítil líkamsrækt á staðnum og því ekki þörf á að taka með sér lyftingartæki.
 - Hljóðfæri, sem ekki skapa ónæði fyrir aðra eru leyfð inni í herbergjum í samráði við starfsfólk.
- Mundu að þú tekur þau með þér á eigin ábyrgð.**

Hvað áttu að taka með þér?

- Allan fatnað fyrir 28 daga dvöl, bæði inni- og útifatnað
 - Það er þvottahús á staðnum
 - Ekki er þörf á að taka sængur, kodda eða sængurfatnað
- Hreinlætis- og snyrtivörur
 - Sjampó, rakvél, tannbursta, svitaeýði, naglaklippur, rakakrem og fl.
 - **Mundu eftir að taka handklæði**
- Aðra hluti sem þú telur mikilvægt að nota á meðan meðferð stendur, eins og vekjaraklukku og hleðslutæki fyrir símann.
- Afþreyingarefni eins og bækur, púsl, þrjónadót, litabækur, liti, demantamyndir og fl.
- **Mundu að taka með þér öll lyf sem þú þarft að taka fyrir 28 daga**, öll lyfjamál eiga að vera frágengin við komu. Það getur verið gott að taka með lyfjabox fyrir viku í senn.

Pakka- og peningasendingar þurfa að fara um Íslandspóst. Póstfangið á Vík er:

Meðferðarstöð SÁÁ
Vík- Kjalarnesi
162 Reykjavík



- Ef um lyf eða nauðsynjar eru að ræða getur aðstandandi þinn farið með sendingu á Vog og starfsmaður kemur því á Vík næsta virka dag.
- Aðrar sendingar fara í gegnum Íslandspóst, athugaðu að matar- og sælgætis sendingar eru ekki leyfðar, sem og stórar pantanir.

Upplýsingar um ferðir til og frá Vík:

- Farið er með rútu frá Vog í Vík á þriðjudögum og fimmtudögum. Sama bifreið keyrir til baka á göngudeild að dvöl lokinni. **Ekki er hægt að koma á eigin bifreið.**
 - Mæting er á Vog kl. 08.30 að morgni og brottför kl. 09:00.
- Ræða þarf við ritara á Vog fyrir brottför til þess að láta vita af komu sinni og greiða fyrir dvölinu sé það ekki frágengið.

Gjaldskrá og bankaupplýsingar

- **Kostnaður fyrir mánuð á Vík er 159.000,- með öllu inniföldu** (fæði, húsnæði og gjaldi í rútnu til og frá Vík).
- Hægt er að greiða hjá riturum á Vog við brottför eða millifæra í heimabanka og senda kvittun á rakel@saa.is.

Bankaupplýsingar:

- Banki **0114** – Höfuðbók **26** – Reikningsnúmer **7326**
- Kennitala: **671077-0169**
- Gjald fyrir fjórar vikur: 159.000,-
- Gjald fyrir tvær vikur: 81.500,-

Mundu að á Vík sýnum við öllum nærgætni og virðingu í samskiptum. Mikilvægt er að trúnaður og samstaða ríki innan meðferðar.

Þúfir þú að ná í okkur er hægt að hringja í vaktsímann.

Vaktsími kvenna: 824-7626

Vaktsími karla: 824-7633.

Við hlökkum til að kynnast þér og vonum að dvölin hjá okkur verði þér lærdómsrík og ánægjuleg.

Með kærri kveðju,

Starfsfólkið á Vík.